

STJÓRNARFUNDUR BSÍ

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: AGN	Fundur nr. :	
Fundarritari: MI	Staður:	Síðumúli 37
Fundargestir: Anna Guðlaug Nielsen (AGN) Ólafur Sigmarsson (ÓS) Hrannar Erlingsson (HE) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Matthías Imsland (MI) Gunnar Björn Helgason (GH)	Dagsetning:	5.8. 2026
	Frá kl.:	18:00
	Til kl.:	19:00
	Næsti stjórnarfundur: Ákveðið síðar	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Var samþykkt rafrænt milli funda
2	<u>Lyftan</u> Gert ráð fyrir að vinna við uppsetningu hefjist öðru hvoru megin við mánaðarmót og taki 4-5 vikur. Kostnaður BSI verður um 6.milljónir, ekki voru allir samþykkir framkvæmd í sameign sumra en ákvörðun var tekin með meirihluta atkvæða á löglegan hátt. Mest af kostnaðinum fellur til á næstum vikum.
3	<u>Staðan gagnvart Reykjavíkurborg</u> Reykjavíkurborg skar niður styrk vegna Bridgehátíðar um 2.milljónir sem og styrk vegna fasteignagjalda sem var í ár rúmlega 500.pús í stað 2.5 milljónir. Líkur eru á að þetta komi aftur inn á næsta ári en algjörlega óljóst hvort eitthvað komi á þessu ári. – Þetta hefur áhrif á áætlun sem nemur rúmlega 2.milljónir.
4	<u>Bermuda skálin</u> Farið yfir hvernig mótinu verði háttað. Kostnaður við undirbúning og mótið sjálft er verulegur og ekki fjármagnað nema með styrk frá Einari og er því stórt gat eins og staðan er. Ljóst að það þarf að sækja styrki og allir að hjálpast að við það. Ekki er hægt að samþykkja útgjöld vegna móts fyrr en styrkir eru komnir.
5	<u>Norðurlandamót</u> Norðurlandamót verður í Færeyjum í byrjun apríl 2027. Rætt um ýmislegt tengt mótinu.
6	<u>Landsliðsþjálfara mál</u> Jón Hersir og Anna Ívars munu halda áfram sem þjálfarar. Munu þau hafa vald yfir val á liði og framkvæmd undirbúnings. Þó geta þjálfarar ekki stofnað til kostnaðar.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
7	<u>Reksturinn</u> Reksturinn gengur vel og er á áætlun þrátt fyrir óvænt útgjöld vegna fasteignagjalda sem Reykjavíkurborg ákvað að styrkja sambandið ekki um. Þá mun lyftan hafa veruleg áhrif á áætlun og þurfum við að safna styrkjum. Við búum þó vel að því að reksturinn hefur gengið vel síðustu 4 ár.
8	<u>Starfið framundan</u> Sumarbridge gengur mjög vel og er sérstaklega ánægjulegt að mánudagar eru sterkir. Við þurfum að fara að ýta við skráningum á Bridgehátíð þar sem erlendir spilarar fara að ákveða sig í haust og þá skiptir máli að þeir sjái að Bridgehátíð er með sterka skráningu. Búið er að semja um Netmótið fyrir næsta ár. Einnig var rætt um Podcast mál og áherslur á útbreiðslumál.
9	<u>Önnur mál</u> Ekkert var rætt undir önnur mál